

Dags eftirlits	2.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Tungusilungur ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgata 39	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	330802-3270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Þór Marinósson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°45'09,2"N 23°22'50,6"V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu. Ein ábending var gerð, rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt og halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöðvar Tungusilungs í Tálknafirði.

Nýtt starfsleyfi Tungusilungs var gefið út þann 22. nóvember 2022 og tekur það til eldis með allt að 200 tonna ársframleiðslu og 200 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma í þremur stöðvum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
7. Önnur mál
8. Skoðunarferð

1. Staðan frá síðasta eftirliti

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir Tungusilung þann 22.11.2022. Auknar kröfur eru í nýja leyfinu um gagnaskil og mælingar.

Land í kringum kerin á Hvítalæk hefur verið stækkað talsvert frá síðasta eftirliti.

Keyptur var rafmagnsbíll til útkeyrslu á vörum og er það liður í að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum fyrirtækisins.

2. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila

Farið var yfir nýja starfsleyfið og þær kröfur sem eru gerðar um gagnaskil og mælingar.

Skila þarf ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári. Farið var yfir hvernig standa á að sýnatökum.

Mæla skal magn heildarfósfors og heildarköfnunarefnis við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera mengun í jarðvegi á starfsvæði rekstraraðila.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsóknna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál
Engin önnur mál voru bókuð.

8. Skoðunarferð

Allar þrjár starfstöðvar rekstraraðila voru skoðaðar.

Rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt og halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.

Rafstöð er á starfstöðinni á Hvítalæk. Frágangur við hana (m.a. geymsla olíu) er í góðu lagi og engar athugasemdir gerðar.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt og halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2023


Freyr Ævarsson